

# Fyrsta kaupstaðarferðin mín

Eftir Steinþór Þórðarson

Á æskuárum mínum var unglingum vanalega lofað að fara í kaupstað, árið sem þau fermdust. Það hefir líklega verið álitnið, að þeir þyrftu á létta sér upp eftir námið. Þetta var vanalega fyrsta ferðin út úr sveitinni; þar þá ýmislegt nýtt við, þótt leiðin væri ekki löng. Ókunnugt fólk, stór vötn, fögur fjallasýn. Allt þetta lokkaði huga unglingsins lengra út í heiminn, eða þá að sterkari þrá vaknaði til æskustöðvanna og að komast sem fyrst til foreldra og systkina – heim þangað, er unglingarnir áttu allt, sem þeir unnu og lifðu fyrir.

Ég var einn af þeim, er var lofað í kaupstað vorið, sem ég fermdist (1905), og fór ég einn af mínu heimili. Hrossin voru svo fá að fleiri gátu ekki farið.

Mér var komið í fylgd með nágrönnum, og þeir beðnir fyrir mig, en þó sérstaklega að láta mig ekki ríða með vettlinga yfir vötnin. Síðan hefi ég gert mér að reglu að stinga vettlingunum í vasann, þegar ég ríð viðsjál vötn. Heldur þótti mér lítilfjörlegt, að aðrir skyldu vera beðnir fyrir mig, en þó vildi ég ekki hreyfa neinum andmælum, því að vera mátti, að þau hömluðu ferð minni. Ég fór með þrjú hross í ferðina, tvö undir klyfjum, en því þriðja reið ég. Burðarhrossin voru hvort tveggja hryssur með folöldum en reiðskjótinn var fylfull hryssa, komin nálægt köstun.

Hryssurnar tvær höfðu kastað rétt eftir sumarmálin, og nú í júní voru folöldin orðin talsvert stálpuð. Lítil þótti mér sómi að fararskjótunum. Ég hafði beyg af folöldunum, hafði heyrt, að þeim hætti við að fara í taumana í vötnunum, sem yrði stundum til þess, að setja baggana ofan. Lagði ég hálfkvíðinn í ferðina, og voru það ekki sízt folaldaangarnir, eru skyggðu á tilhlökkunina. Hins vegar gladdi það mig nokkuð, að afi minn sagði, að fylfullu hryssurnar væru góðar í vatni. Og ef þær syntu, þá gerði hinn mikli kviður þeirra þær grunn-syndari.

Frá Breiðabólstað, þar sem ég átti heima og til Hafnar í Hornafirði, sem nú átti að halda til, voru tvær dagleiðir. Austur – Skaftfellingar sóttu þá allar vörur sínar til Hafnar, og lögðu þar inn það, sem þeir höfðu að selja. Þó kom það fyrir, þegar eitthvað var betra vöruverð í næsta kaupstað, sem var Djúpvogur, eða fyrir Öræfinga, Vík í Mýrdal, að farið var þangað. Ég man eftir, tvisvar á uppvaxtarárum mínum, að nokkrir hestamargir efnabændur úr Suðursveit, fóru til Djúpavogs með ullina. Fengu þeir þá fimm aurum meira þar fyrir pundið, en á Höfn og í annað skiptið tíu aurum, það kostaði 5 – 6 daga lengra ferðalag að fara til Djúpavogs, heldur en til Hafnar. Menn settu ekki fyrir sig erfiði og andvökunætur, hefðist meira upp úr vörunni.

Á leiðinni frá Hala til Hafnar eru mörg vatnsföll, og sum stór. Hefir oft þurft kjark og aðgætni til þess að komast yfir þau, þegar þau voru í vexti, og teymdar voru langar lestir. Það var, og er enn, venja, að láta röskustu vatnamennina fara á undan hestunum. Oftast þarf að leita víða fyrir sér, áður en fært þykir að fara með lestina. Oft eru þeir í mikilli hættu, sem á undan fara, bæði vegna vatns og aurbleytu. Verða þeir oft fyrir mestu hrakningum, og kemur stundum fyrir, að þeir losna frá hestinum. Reynir þá á snarræði og dugnað ferðamannsins, að bjarga sér. Fyrsta vatnsfallið, sem fara þarf yfir, eru Steinavötn, þau verða mjög mikil í rigningum, Steinasandur er á milli Steinafjalls og Kálfafellsstaðar. Skammt fyrir austan Kálfafellsstað rennur Staðará. Hún er, venjulega lítil, eins og Steinavötn, en vex stundum svo að hún verður lítt fær. Nokkrar smærri ár falla einnig um sveitina. Skammt vestan við takmörk Borgarhafnarhrepps og Mýrasveitar, fellur Kolgríma. Hefir hún oft verið ærið slæm yfirferðar. Vestast um Mýrarnar falla Heinabergsvötn, Dreifast þau vítt um aura, og falla í stærri og smærri álum, sem eru sæmilegir yfirferðar, þú að mikið vatn sé í þeim. Um miðja Mýrarsveit fellur Hellisholtsvatn. Það er einna verst af þeim vötnum, sem ég hefi nefnt. Vatnsmikið fljót og einnig aurbleyta í því, sé farið út af veginum. Mesta vatnsfallið, sem yfir er farið, eru þó Hornafjarðarfljót. Þau falla fram milli Mýra- og Nesjasveitar, og eru mjög breið, en ekki mjög djúp, nema einn áll í þeim vestanverðum, er heitir Prestsfitjaráll. Dregur hann nafn af grasfit fyrir vestan hann. Oft verður þessi áll ófær. Verður þá að „fara innra“, sem kallað er, og liggur þá leiðin um Svínafell og Hoffell og innstu bæi í Nesjum. Á innri leiðinni falla Hornafjarðarfljót meira í álum og dreifast vítt um aura, svo að þau eru grynri þar en neðra. Hornafjarðarfljót hafa þann kost fram yfir önnur vötn, sem um sýsluna falla, að þau eru straumlítill og gætir í þeim flóðs og fjöru hið neðra.

Þetta eru helstu vatnsföllin, sem fara þarf yfir úr sveit minni til að komast í kaupstaðinn. Og var varla furða, þó að uggur væri í mér að fara yfir þau með lítið stálpuð folöld, eftir allar þær svaðilferðir, sem ég hafði heyrt sagt frá í sambandi við þau.

Tilgangur fararinnar var ekki sá að kaupa mikið í kaupstaðnum, fremur en annara á mínu reki, er fóru í kaupstaðarferðir í fyrsta sinn. Ég átti engan reikninginn, enda lítið að kaupa fyrir. Tvær átti ég ærnar þetta vor, en önnur missti lambið og týndi ullinni. Aðalinnleggið hjá efnalitlum unglungum voru á þessum tíma lagðar. Sem þeir tíndu saman úti um hagann, og voru þeir kallaðir upptíningur. Oft varð þess upptíningur 2 – 3 kg. eða meir, þega vel lét í ári fyrir hann. En það leiðasta við hann var að tína úr honum mosann.

Um leið og ég lagði af stað gaf faðir minn mér tvær krónur og sagði mér þá um leið. Að úr reikningi sínum myndi hann ekki fá nema það allra nauðsynlegasta og þess vegna gæti hann ekki leyft mér að taka neitt út í hann. Ég þakkaði krónurnar og sagðist myndi geta mikið

keypt fyrir þær og upptíninginn. Veðrið var hið bezta daginn sem við lögðum af stað, heiður himinn, sólskin og logn. Þetta var einn þeirra júnídaga, þegar friður ríkir í náttúrunni og ró yfir mönnunum. Fyrsti áfangastaðurinn, sem komið var í, heitir Smjörhólmar. Ekki veit ég, af hverju það er dregið, nema ef vera kynni, að þar þætti betra undir bú af næsta bæ, sem er Flatey – vestasti bær á Mýrum – eða þá þarna hafi verið borðað óvanalega mikið af smjöri, því að líklega er þessi áfangastaður jafngamall og umferð í Skaftafellssýslu. Þegar búíð var að taka reiðinginn og reiðfærin af hrossunum, voru tjöld sett upp og búízt um til næturhvíldar, því að þarna átti að á til morguns. Þegar sezt var að í tjöldunum, var leyst frá malpokum og tekið til matar. Nesti mitt var aðallega súr hvalur og ostur. Hafði hvalurinn verið fenginn af hvalastöð á Austfjörðum snemma um vorið, og sýran held ég að hafi verið fengin vestan úr Árnessýslu með strandferðaskipinu „Hólar“. Mér féll nestið allvel, en renndi samt hýru auga til malpoka nágranna minna, því að ég sá að upp úr þeim var drjúgum skipað hangikjöti. Þessir góðu menn tóku eftir, að ég leit vonaraugum til kjötsins, og buðu þeir mér því skipti á því og hvalnum. Töldu þeir hann betri en kjötið, og að þá myndi þyrsta minna af honum. Ég lét sem mér væri sama um skiptin, þótt ég yrði reyndar guðsfeGINN. Að máltíð lokinni var gengið frá nestinu og búíð um sig til svefns. Reiðingsdýnur voru hafðar til þess að liggja á og svo breidd ofan á sig gæruskinn.

Þegar við vöknudum um morguninn var tekið til malpokanna, þá var minn poki horfinn. Mér varð hverft við, því að nú langaði mig í súran hvalinn til þess að taka frá mér þorstann eftir kjötátið kvöldið áður. Nokkurn spöl frá tjaldinu fannst malpokinn allur í druslum. Hvalurinn og osturinn voru horfnir, en smjöröskjurnar einar eftir. Þær voru úr tré með vel felldu loki yfir og haglega gerðar. Ég hafði gleymt að binda fyrir malpokann um kvöldið, en troðið honum undir tjaldskörina. Um nóttina höfðu hundar komið að tjaldinu, dregið pokann út, og gert sér gott af því, sem í honum var. Mér sveið matarmissirinn mikið, en þótti þó meiri skömm að slóðaskapnum, að geta ekki gengið svo frá matnum, að hann væri ekki rifinn svo að segja undan höfðinu á mér. Samferðamennirnir kenndu í brjósti um mig og buðu mér nesti til ferðarinnar. Úr því, sem komið var, þáði ég það boð með þökkum. Ég bjóst ekki við, að ég gæti bætt mér skaðann á sama hátt og Grettir, þegar sagt er, að hann hafi tapað sínum mal.

Úr þessu gekk ferðin viðburðalaust til kaupstaðarins. Ekki urðu folöldin mér neitt til tjóns. Vötnin voru með minnsta móti. – Á Höfn var aðalverzlunin há Þórhalli Daníelssyni. Hafði hann fyrir fáum árum keypt verslunina af Þórarni Tulinius. Þetta vor setti sig niður á Höfn smákaupmaður, Gunnlaugur Jónsson að nafni. Urðu ýmsir því fegnir, og héldu að viðskiptin myndu batna við það. Ekki vissi ég, hvort þetta var, en hitt minnir mig að talað

væri um, að aldrei hafðu menn skuldað meira en þau fáu ár, sem Gunnlaugur var með sína verzlun.

Ekki varð ég hrifinn af kaupstaðarlífínu. Mér leizt ekki á að sjá verkamennina, alla mjölu-uga, mjakast áfram hægt og þunglamalega, tilbúna til að slóra, ef færi gafst. Mér fannst þetta minna á hugsjónalaust, æfilangt strit í þarfir þeirra, sem hugsuðu oftast meira um að ná aurunum í sinn vasa, en hag þeirra, er sveittust við að koma þeim þangað. Sem betur fer, er nú kominn meiri jöfnuður á þetta. – Nú munu vera búsettir á Höfn um 220 – 230 manns, en þegar ég fór fyrstu kaupstaðarferðina, hafa verið þar um 30 íbúar.

Vöruskipin voru nýkomin til beggja kaupmannanna. Það var því margt að sjá í búðunum, sem mig langaði til að eignast. En þegar ég heyrði um verðið, komst ég fljótt að því, að ég gat ekki mikið keypt fyrir krónurnar mínar. Félagar mínir, sem sumir voru vel stæðir bændur, verzludu í báðum verzlununum, þó meira hjá Gunnlaugi. Einn þeirra tók þar m.a. húsklukkú. Hér fást þá húsklukkur, hugsaði ég, og það var sá hlutur, sem ég mátti til meða að reyna að fá mér, því að heima var hvorki klukka né úr. Það, sem helzt var hægt að átta sig á, þegar sól sá ekki, var sjöstjarnan, þegar hún sást, eða kýrnar, þegar þær fóru að baula eftir gjöfum eða mjöltum. En ekkert af þessu var óbrigult. Ég spurði nágranna minn, hvað hans klukka hefði kostað. „nú krónur“, sagði hann. – „nú krónur!“

En ég átti aðeins tvær krónur í vasanum. Upptíningurinn gat orðið upp á þrjár krónur. Það vantaði mig samt fjórar krónur. „Ætli ég fái ekki lánað upp á fjórar krónur til haustsins?“ spurði ég einn af samferðamönnunum. Ekki var það talið óhugsandi, ég skyldi færa það í tal við kaupmanninn, það þótti mér nú þyngri þrautin. Ég hafði oft heyrt föður minn tala um, að erfitt væri fyrir þá að fá lán, sem lítið legðu inn.

Nú kom röðin að mér að verzla. Mun ég hafa verið feiminn í fyrstu, en varð einarðari, er ég fór að kynnast búðarmönnunum. Verzlunin gekk fljótt, - ekki var margt, sem um var beðið. Búðarmaðurinn, sem afgreiddi mig, spurði hvort é ætlaði ekki að verzla neitt sjálfur. Í því bar kaupmanninn þar að. „Hann á hér engan reikning“, sagði kaupmaðurinn. „En heyrið þér! Ég ætla að kaupa fyrir tvær krónur, og svo - “. „og svo?“ hafði hann eftir, með óþolinmæði, eins og hann hefði ekki tíma til að sinna fátækum, óframfærnum unglingi, - „læt ég upptíninginn minn seinna“, bætti ég við. En sú fífla hreinskilni, hugsaði ég um leið og ég sleppti orðunum – að ég skyldi ekki heldur segja: ullina mína. En til hamingju talaði ég svo lágt, að kaupmaðurinn virtist ekki hafa heyrt það. „Hvað ætlið þér að fá fyrir krónurnar?“ spurði hann. „klukku“. „klukku?“ hváði hann eftir. „ekki fáíð þér hana fyrir tvær krónur“. „Ég þóttist vita það“, svaraði ég, „en svo er ullin mín heima og ég get látið lambið mitt í haust“. „þér

eigið hér engan reikning“, svaraði kaupmaðurinn, „og ég ætla ekki að byrja verzlun mína með því, að lána svona unglíngum“. Svona unglíngum? Hvað þýddi þetta, var ég nokkuð öðruvísi en aðrir unglíngar? Ætli kaupmanninum hafi mislíkað við mig? Var ég of heimtu-frekur, eða var ég fátækari en sumir unglíngar aðrir? Faðir minn var fátækur, en góður skilamaður. Hvorugur okkar gat verið hættulegur verzluninni – til þess vantaði okkur öll efni til umsvifa. „Má ekki búa mér reikning strax?“ sagði ég. „þér verðið að leggja eitthvað inn til þess“, svaraði kaupmaður. „Ég legg þá inn krónurnar mínar“. Kaupmaðurinn kvaðst hafa hugsað sér þá reglu, að búa engum til reikning, nema bændum, ef þeir gætu ekki lagt inn 5 – 10 krónur, þegar viðskiptin byrjuðu. Ég sagðist ekki hafa svo mikið innlegg við hendina. „Þá fáið þér bara út á þessar tvær krónur“, sagði kaupmaður stuttur í spuna. „Get ég þá með engu móti fengið klukkuna? Við eigum enga klukku heima.“ Nei, ég gat það ekki, jafnvel þó ég lofaði annarri ánni minni til viðbótar. Ég varð bæði hryggur og reiður. Það hafa víst komið tár fram í augun á mér, þegar ég spurði, hvort pabbi gæti ekki fengið klukkuna í sinn reikning. Nei, það gat heldur ekki gengið. Kaupmaður sagðist ekki vita, hvort honum væri nokkur þökk í, að farið væri að skulda honum fyrir klukkunni í viðbót við það, sem fyrir væri. Ég sagðist ekkert kaupa fyrir krónurnar mínar, en geyma þær til haustsins, því að þá yrði ég búinn að leggja inn ullina og lambið, og myndi þá kaupa klukkuna. Kaupmaður horfði með undrunarsvip á mig. „Þér hugsið mikið um þessa klukku“, sagði hann, „þér ættuð heldur að kaupa yður brauð og sykur fyrir krónurnar yðar“.

Mér varð þungt í huga, en hrökk við það, að mér var stjakað frá búðarborðinu af manni, er ég kannaðist við, og var einn af stórbændum úr nágrannasveitinni. Sonur hans, sem var á líku reki og ég, var með honum. Þeir voru að verzla. Drengurinn hrúgaði að sér sætindum og ýmiskonar glíngri. Allt í einu opnaðist mér ný útsýn yfir kjör fátæklinga, sem ekki getur veitt sér brýnustu nauðsynjar, og efnaða mannsins, er veitir syni sínum flestan óþarfa, er hann gírnist. Mig langaði til að kaupa eitthvað, sem glatt gæti foreldra mína, þegar ég kæmi heim – eitthvað, sem setti dálítinn svip á baðstofuna heima. Klukkan á laglegri hillu fannst mér að myndi gera það.

Mér var aftur litið til feðganna, og sá þá, að þeir voru m.a. að láta niður klukkuna, sem ég ætlaði að kaupa. Ég spurði drenginn, hvort hann ætti hana. „Já“, pabbi hans hafði gefið honum hana, til að hafa hana í herberginu hjá sér. Honum leiddist að vera klukkulaus, þegar hann væri einn. „Eigið þið ef til vill enga klukku?“ varð mér á að spyrja. „Jú pabbi og mamma eiga sitt úrið hvort, og svo er stór klukka í baðstofunni“. Ég gekk þegjandi út. Enginn gaf fátæka drengnum, á grófgerðu, heimaunnu fötunum, gaum, nema ef einhver kann að hafa hent gaman að honum eða búnaði hans. En í sál minni brann eldur. Og í huga mér vaknaði

sterk löngun til að verða sjálfbjarga maður, sem gæti unnið framtíðinni gagn – og ekki sízt lagt lið að því, að ryðja óréttlætinu og misrétti mannanna úr vegi.

Mér varð reikað að búðardyrnum há aðal kaupmanninum, Þórhalli Daníelssyni. Ætli sé ekki rétt að fara hér inn og kaupa fyrir þessar tvær krónur. Ég spurði eftir, hvort ekki fengjust kvenklútar og reyktóbak. Jú, það var nóg til af því. Kaupmaður spurði mig að, hvort ég ætti stúlku og væri farinn að reykja. Í mesta sakleysi svaraði ég, að svo væri ekki – ég ætlaði að færa foreldrum mínum þetta.

Fyrir aurana, sem afgangsvoru klútnum og tóbakinu, keypti ég kandís. Þegar ég var búinn að kaupa þetta, hugkvæmdist mér að spyrja eftir, hvort ekki fengjust klukkur. Jú, þær fegnust. „Vill nú ekki kaupmaðurinn vera svo góður“, spurði ég, „og taka frá eina klukku, og geyma hana fyrir mig til haustsins, þá skal ég borga hana“. Jú, það sagðist hann mega til með að gera fyrir svona myndarlegan pilt. Þessa gullhamra þótti mér vænt um, og fór í góðu skapi út, og lofaði Þórhall fyrir greiðviknina.

Um kvöldið var haldið af stað aftur úr kaupstaðnum, og gerðust engin tíðindi á heimleiðinni. – Það var gott að koma heim, allir tóku mér opnum örmum, rétt eins og ég væri heimtur úr helju. Og ég var glaður, en glaðastur yfir, að geta sagt heimafólkinu frá klukkunni. Um haustið fékk ég klukkuna og gat þá borgað hana. Hafði fengið sex krónur fyrir ullina um sumarið og fjórar krónur fékk ég svo fyrir lambið um haustið. Það var mikil ánægjustund, kvöldið, sem klukkan var fyrst sett á hilluna í baðstofunni. Óskir mínar höfðu þannig ræzt, af því að ég var duglegur að berjast fyrir þeim.

Síðan þetta gerðist hefir margt skeð. Árin hafa liðið og ég elzt og tímanum hefir tekist að ýmsu leyti að setja sín mörk á mig. Marga kaupstaðarferðina hefi ég farið síðan, en aldrei kem ég svo í búð, að ég minnst ekki fyrstu kaupstaðarferðarinnar. Hún hefir verið ein af lærdómsríkustu stundum lífs míns. Kjarkur og festa voru á helsztu bjargvættirnir. Ferðin vakti þá hugsun hjá mér, að betra væri að fórna einhverju í þarfir umbótanna, eða þess, sem örfar skapandi hugsun, heldur en eyða í tilgangslaust tildur eða óhollar nautnir.

Fyrir mörgum árum er baðstofan á Hala jöfnuð við jörðu – baðstofan, sem klukkan gerð einu sinni veglegt hús í mínum augum. Þrisvar sinnum síðan hefir bærinn verið rifinn til grunna og reistur aftur. Allar þessar byltingar á bæjarhúsunum hefur klukkan staðið af sér. Hún hefir æfinlega verið flutt úr gamla bænum og í þann nýja, og enn telur hún tímamann með sömu nákvæmni og áður. Þótt alls staðar væri raðað umhverfis mig húsmunum, þá myndi mér ekki þykja eins vænt um neinn þeirra eins og gömlu klukkuna. Ekki þó af því, að það sé svo mikil hóbýlaprýði að henni, heldur af því, að ég hafði meira fyrir að eignast hana, heldur

en nokkurn annan hlut, sem ég hef átt. Fyrir klukkuna eina hefi ég fórnað svo að segja aleigu minni. Sú fórn kenndi mér að heyja fyrstu lífsbaráttuna, þegar ég var að kveðja bernskuárin.

Enn þá tifar klukkan áfram, þar sem hún stendur á skápnum í herberginu mínu. Mér finnst, að slögin hennar vera að telja æfiárin mín, og minna mig á það, sem ég á ógert.